

**Sp. 576. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]**

um upplýsingaöflun um markaðsaðstæður erlendis.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að leita samninga við einhverja Norðurlandaþjóð, eina eða fleiri, um aðgang íslenskra fyrirtækja að þeim fjölbreyttu og markvissu upplýsingum sem þær bjóða fyrirtækjum landa sinna um markaði og markaðsaðstæður í einstökum þjóðlöndum.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er flestum ljóst hve mikilvægt það er fyrir þjóðarhag Íslendinga að við eflum útflutning okkar. Markaðsöflun erlendis hefur reynst okkur erfið viðfangs og kemur þar margt til, m.a. er hún mjög kostnaðarsöm. Það er því mikilsvert að það fé, sem til markaðsöflunar er varið, nýtist sem best en sé ekki eytt til markaðssvæða sem reynast síðan mjög óhentug fyrir íslenskar afurðir.

Á Norðurlöndum og víða meðal annarra þjóða hafa utanríkis- eða viðskiptaráðuneyti mikið safn upplýsinga um staðhætti og sérkenni ýmissa markaðssvæða. Þar koma m.a. fram mikilsverðar upplýsingar um lög og reglur sem varða innflutning, skatta og tolla ásamt neysluvenjum. Upplýsingar þessar eru gjarnan gefnar út í handhægum bókum og bæklingum til hjálpar þeim fyrirtækjum sem eru að velja sér líkleg markaðssvæði. Það þarf ekki að taka fram að slíkar upplýsingar yrðu óheyrilega dýrar ef hvert fyrirtæki fyrir sig þyrfti að afla þeirra. Eins koma þær oft í veg fyrir alvarleg og dýrkeypt mistök.

Þar sem íslensk utanríkis- og viðskiptaþjónusta hefur ekki haft bolmagn til að safna og dreifa slíkum upplýsingum hérlendis enn þá þykir flutningsmönnum þessarar tillögu skynsamlegt að leita stuðnings hjá frændþjóðum okkar þar til betur horfir í þessum efnunum hérlendis.